Nd. **318. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta er samið af sýslumanninum i Rangárvallasýslu, Björgvini Vigfússyni, og hefir þann höfuðkost, að það stefnir að því, að lýðfræðslan í landinu nái svo að segja undantekningarlaust til allra ungra manna. Í þá átt stefnir einkanlega það ákvæði frv., að skylda alla unga menn 18 ára til að leysa af hendi vinnukvöð, sem þeir fá aðeins greidda með rétti til skólavistar, en ella engu, sé henni afsalað. Þetta myndi að sjálfsögðu mynda það aðhald til skólagöngu, að undantekningar myndu það vera, væri sá réttur eigi notaður. Þá er hér og farið fram á nokkurskonar þegnskyldu, en þó aðeins í þeim fáu tilfellum, sem réttindum til skólavistar væri hafnað.

Það verður nú að líta svo á, að æskilegt sé, að lýðfræðslan verði sem almennust, og hér er bent á þá leið til þess, sem fær og hagkvæm er, að dómi höfundar frv., sem mikið hefir um mál þetta hugsað og ritað. En þar sem um alger nýmæli í skólalöggjöf er hér að ræða, mun reynslan ein geta úr því skorið, hve notadrjúg og raunhæf sú leið er. Frv. þetta fer aðeins fram á heimild til handa þeim sýslum eða bæjum, sem reyna vildu þessa leið með unglingafræðslu sína, og svo er um búið, að heimildina er ekki hægt að nota nema um einhuga ósk sé að ræða frá einhverju sýslu- eða bæjarfélagi. Sé því svo um búið að öðru leyti, að fyrir því sé séð, að fjárhag ríkisins sé eigi bundinn sá baggi, sem hættulegur sé, og fjárveitingavaldið hafi shkt fullkomlega á valdi sínu í hvert sinn, sem og trygging fyrir endurgreiðslu, ef ónothæft reynist, þá verður eigi séð, hver ástæða er til að neita um slíka heimild.

Fyrir því mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við orðin „á kostnað rikissjóðs“ bætist inn: þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „20 ár“ komi: 40 ár.
   b. Seinni hluti greinarinnar „.... skal það ....“ og greinin út fellur niður, og í staðinn kemur: skal viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá 1/40 hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkv. lögum þessum.

Alþingi, 4. apríl 1932.

Sveinbjörn Högnason, form. og frsm. | Guðbr. Ísberg, fundaskr., með fyrirv. | Bernh. Stefánsson.